

Podemos er nýtt afl í spænskum stjórnámálum

Eftir Styrmi Gunnarsson

Nýr stjórnáflakur á Spáni, sem stofnaður var um miðjan marz sl. fékk hvorki meira né minna en 1,2 milljónir atkvæða í kosningunum til Evrópuþingsins fyrir og um síðustu helgi og fimm menn kjörna á Evrópuþingið.

Þetta er ekki flokkur sem staðsettur er yzt á hægri kanti stjórnmála heldur þvert á móti. Hann telst vera yzt til vinstri.

Flokkurinn heitir Podemos og er sprottinn upp úr mótmælareyfingu gegn aðhaldi í efnahagsmálum, sem varð til í Madrid og reyndar fleiri löndum á árinu 2011. Þessi hreyfing hefur gengið undir nafninu M-15 hreyfingin.

Spænska dagblaðið El País bendir á að hinn nýi flokkur sé nú orðinn fjórði stærsti stjórnáflakurinn á Spáni. Blaðið segir að flokkurinn sé enn í mótun og enginn formleg forystusveit sé orðin til. Helztu foringjar flokksins koma úr röðum háskólamanna.

Podemos er til marks um að þau umbrot sem nú hafa orðið í evrópskum stjórnmálum snúast ekki bara um flokkaskipan á hægri kantinum.

Auk Podemos á Spáni náði hreyfingu Beppe Grilló miklum árangri á Ítalíu en erfitt hefur reynzt að skilgreina þá hreyfingu skv. hefðbundnum mælikvörðum. Í Grikklandi vann SYRIZA, bandalag vinstri manna umtalsverðan sigur. En að hluta til á það líka við um Gullna Dögun, gríska ný-fasistaflokkinn.